

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

PISTILL RITSTJÓRA



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Ágætu lesendur, velkomnir að Gátt 2015, tólftu Gátt, ársrits um framhaldsfræðslu. Við í ritstjórninni teljum að Gátt sé vettvangur umræðu um nám fullorðinna og starfsmenntun á Íslandi. Þau ársrit, sem komið hafa út, hafa hlotið afar góðar viðtökur. Í upphafi runnu prentuðu eintökin út en nú finnum við að mun fleiri nýta sér tækifæri til þess að hlaða niður einstaka greinum af vef Fræðslumiðstöðvarinnar, www.frae.is. Lesendahópurinn hefur stækkað og orðið fjölbreyttari með hverju riti. Leiðtogar, kennarar, ráðgjafar, stjórnendur og síðast en ekki síst námsmenn eru í þeim hópi. Ritstjórninni er kunnugt um að ritið er notað til kennslu um kennslufræði fullorðinna víðar en á námskeiðum Kennslufræðimiðstöðvar, FA, til dæmis í að minnsta kosti þremur háskólum á landinu og fögnum við því.

Í ritinu að þessu sinni er fjölbreytt úrval greina sem við teljum að eigi erindi við alla þá sem koma að fræðslu fullorðinna á Íslandi. Hér er fjallað um fjölmörg verkefni, innlend og erlend, sem hafa það að meginmarkmiði að bæta stöðu fullorðinna í eigin lífi og á vinnumarkaði og það á ekki síst við um eflingu grunnleikni. Í svokallaðri PIAAC könnun sem OECD stóð fyrir var það einmitt grunnleikni, læsi, tölulæsi og leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni sem athyglin beindist að. Þessir þrjú meginleikniþættir eru ekki aðeins forsendur alls náms heldur leika þeir einnig mikilvægt hlutverk í lífi einstaklinga, virkni þeirra í nútíma fjölskyldu- og atvinnulífi. Jafnframt hafa þeir áhrif á getu til þess að eiga í samskiptum við opinberar stofnanir og að notfæra sér tilboð velferðarsamfélagsins á sviðum heilbrigði og umönnunar. Könnunin var lögð fyrir 5.000 manns í hverju landi, alls í 24 löndum. Ísland var ekki með í könnuninni en óneitanlega væri fróðlegt fyrir okkur að fá sambærilegar upplýsingar um stöðuna hér á landi.

Í grein sinni gerir Anders Rosdahl grein fyrir niðurstöðum PIAAC könnunarinnar á Norðurlöndunum. Norræna

ráðherranefndin hefur veitt styrk til þess að skapa norrænan gagnagrunn um grunnleikni fullorðinna. Grunnurinn byggir á upplýsingum úr PIAAC-könnuninni sem aftur er hægt að tengja við samanburðarhæfar gagnaskrár frá Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þrátt fyrir að íbúar á Norðurlöndum standi betur að vígi en flestar aðrar þjóðir benda niðurstöðurnar meðal annars til þess að rúmlega tvær milljónir einstaklinga á Norðurlöndum búi yfir lítilli leikni í læsi. Jákvæðu niðurstöðurnar eru þær að Norðurlandabúar eru líklegri til þess taka þátt í fræðslu eða menntun en aðrar þjóðir og að á bilinu 25% til 33% fólks á aldrinum 30–65 ára upplýsti að það óskaði eftir frekari menntun.

Í mörgum greinanna í Gátt 2015 fæst staðfesting þess að við lifum á tímum örra breytinga og að hverjum einstaklingi er nauðsynlegt að efla stöðugt færni sína til þess að geta mætt þeim áskorunum sem fylgja í kjölfar breytinganna. Við getum til dæmis sem starfsmenn staðið frammi fyrir því að skipta um starfsvettvang þar sem krafist er nýrrar leikni, nýrrar hæfni og nýs náms. Þjálfun í grunnleikni getur verið stikla á þeirri leið. Við sem einstaklingar berum sjálf ábyrgð á að bæta okkur en hlutverk stjórnvalda er að skipuleggja og skapa skilyrði til þess að okkur sé það mögulegt og atvinnulífið getur einnig lagt sitt af mörkum.

Við vonum að þetta 12. tölublað Gáttar verði kærkomin lesning þeim sem koma að námi fullorðinna. Við hvetjum lesendur til að láta skoðanir sínar í ljósi, gefa okkur ábendingar og senda okkur hugmyndir og taka virkan þátt í því að efla framhaldsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Fyrir hönd ritstjórnar vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn við útgáfu þessa rits.

Njótið lestursins!